



## Uppfærð fjármögnunaráætlun Landsbankans árið 2018

Landsbankinn birtir hér uppfærða áætlun um fjármögnun á markaði fyrir árið 2018 ásamt útboðsdagatali fyrir regluleg útboð á innlendum markaði. Nánari upplýsingar um fjármögnun Landsbankans á markaði má nálgast á heimasíðu Landsbankans, [www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun](http://www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun).

### SÉRTRYGGÐ SKULDABRÉF

- Áætlað er að gefa út sértryggð skuldabréf fyrir 28-32 ma.kr. á árinu 2018.
- Sex flokkar sértryggðra skuldabréfa eru útstandandi, þrjú óverðtryggðir og þrjú verðtryggðir. Heildarnafnverð flokkanna nemur 99.600 m.kr.

Flokkur	Tegund	Markflokkur*	Gjalddagi	Nafnverð (m.kr.)
LBANK CB 19	Óverðtryggður	Nei	17.9.2019	17.080
LBANK CB 21	Óverðtryggður	Já	30.11.2021	4.680
LBANK CB 23	Óverðtryggður	Já	23.11.2023	1.620
LBANK CBI 22	Verðtryggður	Nei	28.4.2022	20.500
LBANK CBI 24	Verðtryggður	Já	15.11.2024	24.660
LBANK CBI 28	Verðtryggður	Já	4.10.2028	31.060
				99.600

\*Markflokkar eru flokkar sem reglulega eru boðnir til sölu

- Enginn flokkur sértryggðra skuldabréfa er á gjalddaga á árinu 2018 og gerir áætlunin því ráð fyrir að nafnverð útgefinna sértryggðra skuldabréfa nemi 101-105 ma.kr. í árslok 2018.
- Útboð sértryggðra skuldabréfa verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland eigi síðar en næsta viðskiptadag á undan fyrirhuguðu útboði.
- Stefnt er að því að halda útboð á sértryggðum skuldabréfum að jafnaði einu sinni í mánuði, háð markaðsaðstæðum hverju sinni.
- Stefnt er að því að útboð bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa fari fram að minnsta kosti ársfjórðungslega.
- Arion banki, Íslandsbanki og Kvika sinna viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af Landsbankanum.
- Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánum í þeim flokkum sem viðskiptavaktin nær til.

### VÍXLAR

- Útboð á víxlum verða að jafnaði haldin einu sinni í hverjum mánuði en bæði verða gefnir út nýir víxlaflokkar auk viðbótarútgáfu þegar útgefinna flokka og verður hver flokkur boðinn til sölu í tvígang, hið minnsta.
- Víxlaútboð verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland eigi síðar en næsta viðskiptadag á undan fyrirhuguðu útboði.

- Þrjú víxlaflokkar eru útistandandi og nemur heildarnafnverð þeirra 2.740 m.kr.
- Heildarútgáfa víxla á árinu 2018 er óákveðin og ræðst af markaðsaðstæðum.

#### ÚTBOÐSDAGATAL

- Í töflunni má sjá fyrirhuguð útboð sértryggðra skuldabréfa og víxla á árinu 2018,

	Sértryggð skuldabréf	Víxlar
Janúar	Vika 3	Vika 1
Febrúar	Vika 7	Vika 5
Mars	Vika 11	Vika 10
Apríl	Vika 16	Vika 14
Maí	Vika 20	Vika 18
Júní	Vika 24	Vika 23
Júlí	Vika 28	Vika 27
Ágúst	Vika 34	Vika 31
September	Vika 38	Vika 36
Október	Vika 41	Vika 40
Nóvember	Vika 46	Vika 45
Desember	Vika 50	Vika 49

#### ÖNNUR FJÁRMÖGNUN Á MARKAÐI

- Aðrir fjármögnunarkostir á markaði verða einnig til skoðunar á árinu 2018 með það að markmiði að breikka fjármögnunargrunn bankans.
- Form, fjárhæðir og tímasetningar slíkra útgáfna eru háðar markaðsaðstæðum hverju sinni.

#### FYRIRVARI

Landsbankinn áskilur sér rétt til þess að gera breytingar á útgáfuáætlun ársins 2018 án fyrirvara eða sérstakrar tilkynningar þar um.